

# Dýrabær





1 2 3 4 5

Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt  
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar,  
sjá *Listi yfir lestrarbækur* á vefsíðu.



Í Dýrabæ búa ýmis dýr  
og þar eru afar mikil læti.  
Haukur hani galar og gólar  
og ærir hin dýrin.

Gauti naut baular líka  
sí og æ. Baddi bavíani  
þolir ekki lætin í Gauta.  
– Ég þoli þig ekki Gauti,  
segir Baddi bavíani.



Baddi bavíani fer út á tún.

Þar sér hann Ausu sem er lamadýr.

Baddi og Ausa eru vinir.

– Ég bara þoli ekki lætin í honum  
Gauta, segir Baddi aumur við Ausu.

Nú æðir nautið út á tún.

– Felum okkur á bak við hól  
og látum lítið fyrir okkur fara,  
segir Baddi bavíani.



Gauti naut er hávær gaur.  
Hann kemur nær og baular  
en sér ekki þau Ausu og Badda  
sem hafa falið sig á bak við hólinn.

Úff, mikið eru þau móð.  
En Gauti er líka móður.

– Æ, ég er lúinn og fæ mér nú  
bara lúr hér á túninu, segir hann.  
Hér er ró og næði.



Á sama tíma malar kisan Dísu  
inni í kofanum hennar Dimmu.  
Dimma er tík en Dísu og Dimmu  
kemur ekki vel saman.

Dimma kemur að kofanum sínum og  
læðir sér að Dísu þar sem hún sefur.

– Voff, voff, voff, segir Dimma.

Ég á kofann, voff, voff.

Dísu kisa er æf: Rrrrr, segir hún.


En Dimma rekur Dísu úr kofanum.

Við ána er Gaukur  
að tala við fílinn Audda.

– Í Dýrabæ eru mikil læti,  
segir Gaukur. Og dýrin þar  
eru ekki vinir. Þau baula  
og gaula og eru sem óð.

– Já, lætin eru of mikil, segir Auddi.  
Fáum Dóru dádýr til að taka í taumana.  
Dóra er vitur og góð.

– Já, látum hana vita um lætin  
í dýrunum hér í bæ, segir Gaukur.





Gaukur og Auddi koma nú til Dóru.

- Getur þú verið dómari í Dýrabæ og rekið dýrin sem eru með læti? Þau baula og gaula, urra og purra. Þau eru ekki vinir, segir Gaukur.
- Þau særa og eru óð, segir Auddi.
- Ég vil nú ekki dæma dýrin, segir Dóra. Þau eru vinir mínir en ég gæti vel komið og talað við þau.



– Komið þið sæl, dýrin góð,  
segir Dóra dádýr.

Í Dýrabæ eru of mikil læti  
og ekki eru allir vinir.

Auddi og Gaukur báðu mig  
að koma og dæma í málum.

– En Auddi og Gaukur eru líka  
með læti, segir kisan Dísa.

– Það er nú ekki gott, segir Dóra.



– Og Haukur hani galar sí og æ,  
segir Gauti naut pirraður.  
– Æ, verið nú bara góð, segir Dóra.  
Þau dýr sem ekki eru góð  
fá ekki að búa í Dýrabæ.  
Og þá er ekki gaman hér.

Dýrin líta aum á Dóru  
og lofa að vera vinir.  
Og síðan þá hefur dýrunum  
liðið vel í Dýrabæ.



# Notkun

## Áður en barnið les textann

Æskilegt er að barnið sé hvatt til að skoða myndirnar vel og velta fyrir sér sögunni út frá þeim. Þetta ættu kennari/foreldri og barn helst að gera saman. Neðst á blaðsíðunum eru spurningar sem styðjast má við.

Miðað er við að barnið hafi ekki lært alla bókstafina og er textinn því afar einfaldur en myndunum er ætlað að dýpka hann og gæða söguna lífi. Þá gefst einnig tækifæri til að kynna orð sem verða á vegi barnsins og auðvelda því lesturinn.

## Á meðan lesið er

Ef barnið er mjög hæglæst getur verið hvetjandi fyrir það að fullorðinn hefji lesturinn og lesi t.d. fyrstu blaðsíðuna, jafnvel aðra hverja blaðsíðu eða aðra hverja línu til að barnið gefist ekki upp og njóti þess að ljúka við að lesa bók.

## Eftir lestur textans

Mikilvægt er að ræða betur það sem kom fram, spyrja spurninga úr textanum og ganga úr skugga um lesskilning. Þá getur verið skemmtilegt að fara í orðaleiki, finna tiltekin orð í bókinni, telja hvað þau koma oft fyrir, finna orð sem ríma, falleg orð, skráttin orð, orð sem merkja það sama o.s.frv.

# Dýrabær

Lestarbók 13a

ISBN 978-9979-0-2287-9

© Arnheiður Borg og Sigrún Löve  
© teikningar Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson  
Ritstjórn: Elín Lilja Jónasdóttir

1. útgáfa 2018  
Menntamálastofnun  
Kópavogi

Umbrot: Menntamálastofnun  
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



## Listin að lesa og skrifa



Lestrarkennsluefnið *Listin að lesa og skrifa* er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lestrarspil, kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef.

Í þessari bók eru bókstafirnir d og au sérstaklega æfðir.

Höfundar eru Arnheiður Borg og Sigrún Löve.  
Teikningar gerði Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson.

